

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu samkvæmt samþykkt nr. 84/2010 um meðhöndlun úrgangs í Fjallabyggð.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Gjald dagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

#### 3. gr.

Sorphirðugjöld greiðast árlega sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæði 45.100 kr. í sorphirðugjald

Fristundahús (á skipulögðum frístundasvæðum) 22.550 kr. í sorphirðugjald

Innifalið í sorphirðugjaldi er eitt grátt sorphílát fyrir óflokkað sorp, eitt grænt sorphílát fyrir endurvinnanlegt sorp, eitt brúnt sorphílát fyrir lífrænan úrgang sem og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

#### 4. gr.

Fyrirkomulag móttöku á endurvinnslustöð í Fjallabyggð er sem hér greinir:

Í upphafi árs er úthlutað einu klippikorti á íbúð (16 klipp, 4 m<sup>3</sup>) og sumarhús (8 klipp, 2 m<sup>3</sup>) sem afhent eru í þjónustuveri Ráðhúss Fjallabyggðar á Siglufirði. Notendur þurfa að framvísa klippikortinu til að komast inn á endurvinnslustöðvar í Fjallabyggð. Leigjendur verða að nálgast kortin hjá leigusala eða kaupa sér kort.

Klippt verður fyrir gjaldskyldan úrgang á meðan tekið verður á móti ógjaldskyldum úrgangi án greiðslu. Skilt er að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á endurvinnslustöðina hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan varning er að ræða.

Hvert klipp er upp á 0,25 m<sup>3</sup> sem samsvarar 240 l heimilistunnu. Ef kort klárast er hægt að kaupa aukakort á kr. 12.300.

Rekstraraðilar geta keypt klippikort í þjónustuveri Ráðhússins á Siglufirði á kr. 29.900 sem inniheldur 16 klipp fyrir 0,25 m<sup>3</sup> eða samtals 4 m<sup>3</sup>.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald frá íbúðum og sumarhúsum, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarðar, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1336/2018 fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

*Fjallabyggð, 3. desember 2019.*

**Guðrún Sif Guðbrandsdóttir,**  
deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála.